

Eyþór Einarsson:

Atvinnudeild Háskólans
FISKIDEILD

Ólafur Davíðsson

1862 – 26. febrúar – 1962

Hinn 26. febrúar síðastliðinn voru liðin 100 ár frá fæðingu Ólafs Davíðssonar, en hann fæddist að Felli í Sléttuhlíð árið 1862. Foreldrar Ólafs voru síra Davíð Guðmundsson, prestur að Felli, síðar prófastur að Hofi í Hörgárdal, og Sigríður Ólafsdóttir Briem, kona hans. Náfrændur Ólafs í föðurætt voru þeir Jón Árnason, bókavörður og þjóðsagnasafnari, Sigurður Guðmundsson, málari, og Guðmundur Magnússon, prófessor; en Valdemar Briem, vígslubiskup, var móðurbróðir hans.

Ólafur settist í 2. bekk lærða skólans í Reykjavík haustið 1877 og lauk þaðan stúdentsprófi vorið 1882. Strax frá upphafi skólagöngu sinnar

virðist hann hafa haft gaman að náttúrufræði, því í bréfi til föður síns frá vorinu 1878 skrifar hann, að af öllum námsgreinum þyki sér mest gaman að grasufræði, og það jafnvel þó kennsla í henni sé vesæl hér í skólanum, eins og hann segir. Annars hefur hann



Ólafur Davíðsson.

snemma haft áhuga á mörgu og verið sílesandi, því í einu bréfa sinna til föður síns segist hann lesa „ósköpin öll af rómönnum og öðrum fræðibókum, sem ekki snerti fögin beinlínis“, og margar góðar bækur séu að grípa til, bæði í bókasafni skólapilta og bókasafni skólans. Um tíma var hann einn þeirra fjöggra pilta, sem stjórnuðu lestrar-sal skólans.

Ólafur hefur líklega verið heldur hlédrægur og fáskiftinn í skóla, því hann hefur víða orð á því, þar sem hann minnst á skemmtanir og hátíðahöld skólapilta í bréfum sínum, að hann sé lítið við þau riðinn, sé ekki með. Á einum stað getur hann þess þó sérstaklega, þegar áformað er að halda ball á fæðingardeggi konungs, að nú ætli hann að vera með, aldrei þessu vanur. Engu að síður bera bréf Ólafs til föður hans það með sér, en þau voru fyrir nokkrum árum gefin út í bókarformi, ásamt dagbókarbroti hans, að hann hefur verið viðfelldinn og skemmtilegur piltur, að minnsta kosti í vina hópi, því bréf hans eru með afbrigðum skemmtileg aflestrar, enda lætur hann þar allt fjúka, eins og hann kemst sjálfur að orði.

Nám sitt í lærða skólanum virðist hann hafa stundað vel, enda þótt hann segist stundum hafa slegið slöku við lesturinn í sumum greinum um tíma, og hann beri kennurum sínum nokkuð misvel söguna. Jafnframt náminu fékkst Ólafur töluvert við ritstörf. Hann safnaði og skráði íslenskar gátur, leiki, þjóðsögur, þulur og fleira, og hafði þannig unnið allmerkt starf á sviði þjóðlegra fræða strax innan við tvítugt.

Að loknu stúdentsprófi sigldi Ólafur til Hafnar til þess að nema þar náttúrufræði. Í bréfi til föður síns segir hann, að sér finnst hann reyndar geta lært allt og hafa áhuga fyrir öllum vísindagreinum, nema hvað hann sé alveg frábitinn lögfræði. Í aðra röndina langaði hann til að gerast skáld og rithöfundur, en valdi þó náttúrufræði, sem hann hafði lengi lagt hug á og þótt skemmtileg, því hún fékkst við lífið sjálft, einkum þó grasafræðin. Hann hafði einnig snúið sér til Þorvalds Thoroddsens og fengið hjá honum þær upplýsingar um náttúrufræðináma, að sú grein væri allra vísindagreina þyngst, en skemmtilegust, og nóg mundu 100 náttúrufræðingar hafa að gera á Íslandi, ef þeir ætluðu að kanna landið til hlítar.

Eftir eins veturs nám lauk hann heimspekiþrófi, en tók ekki fleiri próf, þó hann dveldi í Höfn fjórtán ár eftir það. Hann kundi strax vel við sig í Höfn, fannst lífið þar frjálssara og óbundnara, þó það

væri ef til vill spilltara, og sjóndeildarhringurinn svo miklu víðari en heima.

Fyrirlestra mun hann ekki hafa sótt mjög fast, en verið þess tíðari gestur á bókasöfnum og öðrum fræðistofnunum. Töluvert hefur hann lesið um náttúrufræði og þá ekki sízt um fyrri rannsóknir á náttúru Íslands, en kannski minna af því efni, sem ætlað var til prófs, því hann var vísindamaður og grúskari að eðlisfari og lagði stund á fræði sín í því skyni einu að fræðast. Hann dró nefnilega þann dilk á eftir sér, eins og hann kemst sjálfur að orði, „að vera að grúska í öllum fjandanum.“

Mest fékkst hann þó, eins og fyrr, við alls konar þjóðleg fræði, íslenska siðmenningu, venjur og sagnir, en á því sviði liggur eftir hann geysimikið starf og hefur þar varla nokkur verið honum fremri um hans daga. Hann birti fjölda greina, bæði í íslenskum blöðum, og innlendum og erlendum tímaritum, en aðeins fáar þessara greina fjalla um náttúrufræði. Þar að auki reit hann heilar bækur, stór verk: Íslenskar gátur, skemmtanir, víkivaka og þulur; Galdur og galdramál á Íslandi, og safnaði aragrúa þjóðsagna, en þær og galdra-bókin komu ekki út, fyrr en löngu eftir lát hans. Hvert þessara verka um sig, nægir til að varðveita nafn Ólafs Davíðssonar frá gleymsku um ókomin ár.

Einhver óregla hefur verið á honum annað veifið í Höfn, einkum hin síðari árin, þó hann geri ekki mikið úr því sjálfur. En sökum fágæts þreks og hestaheilsu virðist það engin áhrif hafa haft á hann, því þess á milli vann hann af kappi og starfsprekið var fágætt. Hann var einnig sagður aðdánlega fljótur að skilja, setja sig inn í og átta sig á hverju því, sem hann fékkst við, en það var margt.

Árið 1897 kemur Ólafur Davíðsson svo alkominn heim til Íslands, próflaus að vísu, en flestum mönnum betur að sér um íslenska náttúru og náttúrurannsóknir, einkum það, sem laut að grasafræði, og þekktur fræðimaður á sviði íslenskra þjóðfræða. Hann settist að hjá föður sínum að Hofi í Hörgárdal, skammt frá Möðruvallaskóla, en meðal kennara þar þá var Stefán Stefánsson. Auk þess dvaldi hann oft hjá bróður sínum, Guðmundi, bónda á Hraunum í Fljótum.

Næstu árin vann Ólafur þau störf, sem skipa honum öruggan sess meðal brautryðjenda í íslenskri grasafræði. Hann tók að safna plöntum; í nágrenninu til að byrja með, síðan um allan Eyjafjörð og

Skagafjörð, en miklu minna í öðrum landshlutum, vegna féskorts til langferða. Það voru ógrynni af plöntum, sem Ólafur safnaði, bæði æðri og þó sérstaklega lægri plöntum, og kvað mest að söfnun hans síðustu árin, sem hann lifði. Hann mun hafa safnað meiru af lægri plöntum, einkum sveppum, fléttum og mosum, en nokkur einn maður annar á Íslandi fram til hans daga, og þekkt þær og útbreiðslu þeirra öllum öðrum betur. Á þessum ferðum sínum fann hann fjöldann allan af lægri plöntum, sem höfðu ekki fundizt áður á Íslandi og allmargar nýjar fyrir vísindin. En Ólafur birti ekki sjálfur niðurstöður þessara rannsókna sinna, heldur sendi gögn sín til Hafnar til sérfræðinga, sem hann áleit sér færari, og mun af þeim sökum ekki rétt metinn af mörgum. Árið 1903 birtust tvær greinar um íslenzkar lægri plöntur í danska tímaritinu *Botanisk Tidsskrift*, önnur um fléttur eftir J. S. Deichmann Branth, hin um sveppi eftir Emil Rostrup. Í flétturitgerðinni eru taldar 233 fléttur frá Íslandi, en í formála greinarinnar segir, að Ólafur Davíðsson hafi skrifað það, sem þar er sagt um útbreiðslu 76 þeirra, eða tæplega þriðjungs, auk þess sem hann hafi safnað miklu af öðrum gögnum til greinarinnar. Í sveppagreininni er sagt frá 543 íslenzkum sveppum, og 423 þeirra hafi fundizt hér, síðan síðasta ritgerð um íslenzka sveppi birtist, en þessi gífurlega aukning þekktra tegunda sé fyrst og fremst að þakka hinni ótrúlegu elju Ólafs Davíðssonar við söfnun gagna. Í formála ritgerðar um íslenzka mosa, eftir August Hesselbo, sem kom út í Höfn 1918, er Ólafs einnig getið sem merks og duglegs safnara gagna, einkum á Norðurlandi. Af þessu má sjá, að skerfur Ólafs til rannsókna á íslenzkum lægri plöntum er mjög þýðingarmikill, þó hann hafi ekki skrifað neinar greinar um rannsóknir sínar sjálfur, heldur lagt öll sín gögn í hendur öðrum mönnum. Honum mun hafa verið fyrir mestu, að niðurstöður hans yrðu birtar, en talið minna máli skifta, þó hann birti þær ekki sjálfur.

Til eru í handriti, sem nú er í eigu Náttúrugripasafnsins, drög að íslenzkri flóru, *Flora Islandica*, eftir Ólaf Davíðsson. Þau eru í þremur bindum, hið fyrsta um blómplöntur, annað um byrkninga og mosa og hið þriðja um fléttur, þörungum og sveppi. Á titilblaði allra bindanna stendur ártalið 1897, svo Ólafur hefur byrjað á þessu verki sama árið og hann kom heim. Í þessu handriti er að finna allar íslenzkar plöntutegundir, sem honum voru kunnar, fund-

arstaði þeirra og heimildarmenn, svo og skrá yfir rit um íslenskar plöntur og skrá yfir þá menn, sem safnað hafa plöntum á Íslandi frá upphafi í vísindalegu augnamiði og Ólafi voru kunnir.

Hvort Ólafur hefur ætlað að gefa þessa flóru sína út einhvern tíma, er ómögulegt að segja, en mér finnst það mjög líklegt, þó engir ákvörðunarlyklar séu í handritinu og það sé ekki einu sinni hálfunnið. Lengst komið er bindið um blómplönturnar, og ég get ekki varizt þeirri hugsun, þegar ég hef það fyrir framan mig, að Ólafur muni hafa lagt eitthvað af mörkum til Flóru Íslands Stefáns Stefánssonar, hvað snertir útbreiðslu hinna ýmsu tegunda, en Flóra kom út 1901, eins og flestir vita. Eins finnst mér líklegt, að Ólafur hafi verið Stefáni innan handar við nafngiftir einhverra tegunda af öllum þeim grúa, sem Stefán þurfti að gefa íslensk nöfn. Þó eru þetta tilgátur einar, en sprotnar af þeirri staðreynd, að Ólafur safnaði saman gömlum, íslenskum plöntunöfnum. Þetta nafnasafn hans er til í Náttúrugripasafninu og er á fleiri hundruð miðum.

Á veturnum vann Ólafur úr plöntusöfnum sínum og raðaði þeim niður, auk þess sem hann hélt áfram að safna þjóðsögum og öðrum þjóðlegum fróðleik og skrá hann niður.

Seinni hluta vetrar 1897–98 og allan næsta vetur kenndi Ólafur við Möðruvallaskóla í veikindaförföllum Stefáns Stefánssonar. Veturinn 1901–02 var hann settur kennari þar í fjarveru Jóns Hjaltalíns, skólameistara. Þeim hefur áreiðanlega báðum verið mikill styrkur og uppörvun í því, Ólafi og Stefáni, að búa svona nálægt hvor öðrum og geta rætt sameiginleg áhugamál. Ólafur var heimagangur hjá Stefáni og heimiliskennari þar síðustu ár ævi sinnar. Hann las líka yfir allt handrit Stefáns að Flóru og hjálpaði honum við hreinskriftir, þegar Stefán var sjúkur. Enda segir Stefán í formála Flóru, að hann eigi Ólafi mikið að þakka.

Ólafur Davíðsson drukknaði í Hörgá að kvöldi 6. september 1902, aðeins 41 árs að aldri. Hann var að koma ríðandi frá að safna þörungum í Gásafjöru með fulla grasatínu af þörungum á steinum. Þann dag galt íslensk grasafraði mikið afhroð og rannsókn á útbreiðslu íslenskra lægri plantna, annarra en þörunga, stöðvaðist um árabíl.

Mestöll plöntusöfn Ólafs eru varðveitt í Náttúrugripasafni Íslands og Grasaafni Hafnarháskóla, og hefur ekki enn verið unnið úr þeim öllum.

Náttúrufræðingurinn 1962, 32. árg, 4 hefti bls 154:

Ólafur Davíðsson. Leiðrétting.

Í lok greinarinnar um Ólaf Davíðsson í síðasta hefti stóð á bls. 101, í 8. l. n.:
6. september 1902; á að vera: 6. september 1903.

Eyþór Einarsson.